

## Vettvangsganga við Fitjaá á 13. apríl 2013

### Inngangur

Vegna fréttu í Skessuhorni og á vef SVFR um að malartekja hefði eyðilagt 2/3 af hrygningarstöðum urriða í Fitjaá var svæðið skoðað.

Í ljós kom að ummerki og þar með skaðsemi af malartöku voru miklum mun minni en haldið var fram í fréttinni.

Gröfumaðurinn hefur ekki valdið umtalsverðum skemmdum og ekki meiri en við var að búast. Þarna rennur áin eins og hún gerði og umræddur kafla mældist um 70 m langur, en urriðinn hefur aðgang að um 3 km kafla til hrygningar kemst upp að Keilufossi. Seiðarannsóknir hafa sýnt að urriðinn nýtir alla ána ofan við staðinn þar sem mölin var tekin.

Ég álít að áhrifin af þessum framkvæmdum séu hverfandi lítill. Auk þess hafa rannsóknir á Skorradalavatni sýnt að þar er nú nóg af urriða og engin ástæða til að reyna að fjölga honum. Hann er búnn að vinna sitt verk, sem var að éta og grisja bleikju, og heldur því áfram.



Þessi mynd var tekin í vettvangsgöngunni.

Áin er í farvegi sínum, þar sem fólkið er á myndinni sést botnlangi inn úr ánni, sem engin áhrif hefur og þess ber að gæta að á veturna er áin að flæmast til undan ís og vatnsgangi.



Þessi mynd birtist á netinu og er tekin þannig að svo virðist sem áin hafi breyst í stöðuvatn.

Grafan á eykur svo á þau áhrif sem myndinni er ætlað að hafa.



Þessi mynd er tekin niður ána frá gröfunni niður að vaðinu. Ekkert er óeðlilegt við þennan farveg, malarkamburinn til hægri var settur til að verja landið fyrir ágangi árinna.